

**Kennari:**

Alexandra Ýr Auðunsdóttir  
 Rut Bergmann Róbertsdóttir  
 Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir  
 Lísa Mjöll Ægisdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**

Sjálfstætt val, hópavinna og félagsþjálfun

**Tímafjöldi:**

3 kennslustundir

**Bekkur:**

1. og 2. bekkur

**Stapamix - Frjáls leikur**

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Börnum er leikur sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla.

Með sameiginlegum frjálsum leik nemenda í 1. og 2. bekk leggjum við áherslu á að nemendur fái að njóta sín á sínum forsendum í frjálsum leik, þjálfí félagsfærni sína sem og samvinnu og þátttöku með öðrum nemendum.

**Stapamix – Frjáls leikur**

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Samskipti Samvinna Félagsfærni Hópavinna	Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér hverju sinni.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfí samskipti við félaga</li> <li>- tengi áhugasvið sitt við námið</li> <li>- geti unnið út frá eigin styrkleikum</li> <li>- geti sýnt virðingu og jákvæð samskipti í leik</li> </ul>	Samræður milli nemenda og/eða kennara  Hópavinna  sjálfstætt val
<b>Námsmat:</b>	Þátttaka nemenda, samvinna, hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.		

## Námsmat

Námsmat Stapskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **þarfust þjálfunar:** ef nemandi þarfust frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	þarfust þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága